

REGLUR

um fyrirgreiðslu úr ríkissjóði vegna kostnaðar við ferðir til Íslands vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um framkvæmd tímabundinnar og skilyrtrar styrkveitingar úr ríkissjóði vegna kostnaðar við ferðir til Íslands vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Styrkurinn er í reglum þessum nefndur fyrirgreiðsla.

Markmiðið með reglunum er að stuðla að samræmi við úthlutun neyðarstyrkja úr ríkissjóði og tryggja um leið skilvirkni við afgreiðslu einstakra mála.

2. gr.

Hverjir geta sótt um fyrirgreiðslu.

Heimilt er að veita eftirfarandi aðilum fyrirgreiðslu samkvæmt reglum þessum:

- Íslenskum ríkisborgurum.
- Erlendum ríkisborgurum sem eiga lögheimili á Íslandi, hafa heimild eða eiga rétt til dvalar og dvelja hér á landi að jafnaði.

3. gr.

Fyrirgreiðsla.

Fyrirgreiðsla samkvæmt reglum þessum skal vera fjárhæð fargjalds á almennu farrými í áætlunarflugi en getur þó aldrei verið hærri en 200.000 kr.

4. gr.

Endurgreiðsla til ríkissjóðs.

Greiðsluþegi skal endurgreiða fyrirgreiðslu samkvæmt reglum þessum að fullu til ríkissjóðs.

Áður en fyrirgreiðsla fer fram skal greiðsluþegi undirrita yfirlýsingar þar sem hann skuldbindur sig til að endurgreiða til ríkissjóðs þá fyrirgreiðslu sem hann fær. Í yfirlýsingunni koma fram skilmálar endurgreiðslu. Yfirlýsing skal beraast utanríkisráðuneytinu.

Heimilt er að víkja frá kröfu um undirritun yfirlýsingar þegar sérstaklega stendur á.

Heimilt er að víkja frá skilmálum um endurgreiðslu þegar sérstaklega stendur á.

5. gr.

Málsmeðferð umsóknar.

Umsækjandi um fyrirgreiðslu skal leita til utanríkisráðuneytisins þegar hann telur sig ekki komast til Íslands án aðstoðar íslenska ríkisins.

Utanríkisráðuneytið aflar gagna og upplýsinga um aðstæður umsækjanda að fengnu samþykki hans. Ef börn eru í fylgd með umsækjanda skal sérstaklega gerð grein fyrir aldri þeirra og aðstæðum í umsókn. Utanríkisráðuneytið metur þörf umsækjanda fyrir fyrirgreiðslu frá ríkissjóði samkvæmt reglum þessum.

Við mat á þörf á fyrirgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal m.a. líta til eftirfarandi atriða:

- Hvort umsækjandi er með áhættuþætti fyrir alvarlegrí COVID-19 sýkingu.
- Gæða og aðgengis að heilbrigðisþjónustu dvalarríkis.
- Hvort velferð barna á vegum umsækjanda telst ógnað í dvalarríki.
- Hvort umsækjandi er forsjáraðili barns sem býr og erstatt á Íslandi.

Utanríkisráðuneytið áfram sendir félagsmálaráðuneytinu umsókn til afgreiðslu ásamt kostnaðar-áætlun og yfirlýsingum um endurgreiðslu skv. 3. gr. reglnanna.

Í sérstökum tilvikum, þegar mál kallar á skjóta afgreiðslu, er utanríkisráðuneytinu heimilt að festa kaup á flugfarseðli fyrir umsækjanda án undanfarandi skriflegs samþykkis félagsmálaráðuneytisins og skal þá umsókn send félagsmálaráðuneytinu við fyrsta tækifæri.

6. gr.

Afgreiðsla umsóknar.

Félagsmálaráðuneytið tekur umsókn til afgreiðslu og tilkynnir utanríkisráðuneytinu skriflega ákvörðun sína. Sé umsókn samþykkt skal tilgreina kostnaðarliði og fjárhæðir sem samþykki tekur til, sem og gildistíma þess.

Ef upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt reynast rangar eða villandi skal stöðva afgreiðslu umsóknar.

Utanríkisráðuneytið skal kynna umsækjanda eða umboðsmanni hans ákvörðun félagsmálaráðuneytis eins fljótt og unnt er. Ef umsókn er synjað skal það gert með samhliða rökstuðningi. Ákvarðanir félagsmálaráðuneytisins eru endanlegar á stjórnsýslustigri.

7. gr.

Skipulagning ferðar.

Utanríkisráðuneytið sér um skipulagningu ferðar og farmiðakaup í samræmi við samþykki félagsmálaráðuneytisins og í samráði við umsækjanda eða talsmann hans ef við á.

8. gr.

Endurgreiðsla útlagðs kostnaðar.

Félagsmálaráðuneytið endurgreiðir utanríkisráðuneytinu útlagðan kostnað samkvæmt reikningi eftir heimferð umsækjanda. Afrit af skriflegu samþykki félagsmálaráðuneytisins og sundurliðun ferðakostnaðar skal fylgja hverjum reikningi.

9. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og með hliðsjón af fjárlagalið nr. 07-190-190 og öðlast þegar gildi. Reglurnar falla úr gilda 1. júní 2020.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. apríl 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Gissur Pétursson.

B-deild – Útgáfud.: 14. apríl 2020